

Fjölís hagsmunasamtök  
Ársreikningur 2019

Fjölís hagsmunasamtök.  
Barónsstíg 5  
101 Reykjavík

kt. 491285-0289

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar

---

Fjölís er hagsmunafélag sjö höfundaréttarsamtaka sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum sem njóta höfundaréttar og nýtt eru með ljósrítun, skönnun, rafrænni eftirgerð eða annarri hliðstæðri eftirgerð. Fjölís hefur það ekki að markmiði að safna eignum í eigin þágu. Heimild Fjölís er að finna í gr. 26.b. höfundalaga nr. 73/1972 og samþykktum fyrir Fjölís nr. 494/1985, með síðari breytingum, sem staðfestar eru af mennta- og menningarmálaráðherra.

Samkvæmt rekstrarreikningi var úthlutun ársins og annar kostnaður umfram tekjur og afkoma ársins neikvæð að fjárhæð 10,7 millj. kr. á árinu. Eigið fé félagsins í árslok nam 9,6 millj. kr.

Stjórn Fjölís hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2019 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn leggur til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 17. apríl 2020.

Stjórn:

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar Fjölís hagsmunasamtaka.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Fjölís („félagið“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Samanburðarfjárhæðir

Við vekjum athygli á að við höfum ekki endurskoðað efnahagsreikning 31. desember 2018, rekstrarreikning og sjóðsstreymi fyrir árið 2018 og skýringar sem varða framangreint. Þar af leiðandi gefum við ekki álit á þeim.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur fallið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 17. apríl 2020.

**KPMG ehf.**

# Rekstrarreikningur árið 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Tekjur .....		<u>132.711.542</u>	<u>132.479.326</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Laun og tengd gjöld .....	2	4.152.832	3.321.087
Laun stjórnar .....		4.474.600	4.077.550
Úthlutanir .....		131.146.811	111.783.853
Annar rekstrarkostnaður .....		<u>3.943.386</u>	<u>3.823.260</u>
		<u>143.717.629</u>	<u>123.005.750</u>
<b>Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....</b>		( 11.006.087)	9.473.576
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:</b>			
Vaxtatekjur .....		288.294	765.283
Vaxtagjöld .....		( 17.264)	( 168.340)
		<u>271.030</u>	<u>596.943</u>
<b>Afkoma ársins .....</b>	3	<u>( 10.735.057)</u>	<u>10.070.519</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

---

	Skýr.	2019	2018
<b>Eignir:</b>			
Viðskiptakröfur .....		2.640.714	10.764.971
Aðrar kröfur .....		77.166	287.503
Handbært fé .....		7.934.757	9.244.740
Veltufjármunir samtals		<u>10.652.637</u>	<u>20.297.214</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>10.652.637</u>	<u>20.297.214</u>
<b>Eigið fé:</b>			
Eigið fé .....		9.562.157	20.297.214
Eigið fé samtals	3	<u>9.562.157</u>	<u>20.297.214</u>
<b>Skuldir:</b>			
Skammtímaskuldir .....		1.090.480	0
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>		<u>10.652.637</u>	<u>20.297.214</u>

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2019

	Skýr.	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Afkoma ársins .....	3	( 10.735.057)	10.070.519
Veltufé (til) frá rekstri		( 10.735.057)	10.070.519
Breytingar rekstartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) .....		8.334.594	( 9.442.120)
Skammtímaskuldir, hækkun .....		1.090.480	0
Breytingar rekstartengdra eigna		9.425.074	( 9.442.120)
Handbært fé (til) frá rekstri		( 1.309.983)	628.399
<b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé .....</b>		( 1.309.983)	628.399
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		9.244.740	8.616.341
<b>Handbært fé í lok ársins .....</b>		7.934.757	9.244.740



# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

## b. Innlausn tekna

Innlausn tekna byggist á samningum við Ríkissjóð, sveitarfélög og fleiri aðila vegna fjölföldunar og annarrar eftirgerðrar höfundarverka.

## c. Úthlutun

Tekjum félagsins er úthlutað til aðildarfélaga samtakanna eftir að tekið hefur verið tillit til rekstrarkostnaðar á hverjum tíma.

## d. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

## 2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2019	2018
Laun .....	3.322.244	2.676.223
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður .....	830.588	644.864
	<u>4.152.832</u>	<u>3.321.087</u>

Einn starfsmaður starfaði hjá félaginu á árinu.

## 3. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	2019	2018
Eigið fé 1.1.2019 .....	20.297.214	10.226.695
Afkoma ársins .....	( 10.735.057)	10.070.519
Staða 31.12.2019 .....	<u>9.562.157</u>	<u>20.297.214</u>

## Skýringar, frh.:

---

### **Varasjóður**

Hlutverk varasjóðs er að til séu fjármunir til að standa straum af greiðslu höfundaréttargjalda vegna krafna frá höfundum utan hagsmunasamtaka, sbr. grein 4.3. í samþykktum fyrir Fjölís. Eignir og eigið fé varasjóðs greinist þannig:

	<b>2019</b>	<b>2018</b>
Handbært fé 1.1. ....	5.084.660	4.976.774
Vaxtatekjur og fjármagnstekjuskattur .....	101.155	107.886
Handbært fé 31.12. ....	<u>5.185.815</u>	<u>5.084.660</u>
Eigið fé 1.1. ....	5.084.660	4.976.774
Vaxtatekjur og fjármagnstekjuskattur .....	101.155	107.886
Eigið fé 31.12. ....	<u>5.185.815</u>	<u>5.084.660</u>